



Skýrsla nefndar um deildaskiptingu á Menntavísindasviði
febrúar 2017



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Efnisyfirlit

Formáli	3
Samantekt	4
Forsendur breyttrar deildarskiptingar	5
Stærðir og umfang deilda	6
Deildir sem faglegar einingar.....	6
Sóknarfæri.....	6
Viðmið nýrrar deildaskiptingar	6
Faglegar einingar	6
Samspil grunn- og framhaldsnáms.....	7
Sýnileiki sviðs og skýrleiki náms	7
Stærð deilda.....	7
Nýtt nám á traustum grunni	7
Þverfaglegt starf	7
Samstarf við önnur svið.....	7
Tillaga að deildaskiptingu	7
Fjármál	8
Ávinningur	9
Lýsing á deildum	9
Deild kennslu- og menntunarfræði	10
Starfshópur.....	10
Viðfangsefni deildar.....	10
Framtíðarsýn	10
Uppbygging og skipulag.....	11
Listi yfir gráður sem hægt er að útskrifast með	13
Grunnnám.....	13
Framhaldsnám	13
Tafla 1	14
Tafla 2.....	15
Deild faggreinakennslu	16
Starfshópur.....	16
Viðfangsefni deildar.....	16
Framtíðarsýn	16
Uppbygging og skipulag.....	16
Listi yfir gráður sem hægt er að útskrifast með úr deildinni	17
Grunnnám.....	17
Framhaldsnám.....	18
Tafla 1	18
Tafla 2.....	19
Deild menntunar og margbreytileika	20
Starfshópur.....	20
Viðfangsefni deildar.....	20
Framtíðarsýn	20
Uppbygging og skipulag.....	21
Listi yfir gráður sem hægt er að útskrifast með	22
Grunnnám.....	22
Framhaldsnám.....	23
Tafla 1	23
Tafla 2.....	24
Deild heilsuefningar, íþróttar og tómstunda (HÍT)	25
Starfshópur.....	25
Viðfangsefni deildar.....	25
Framtíðarsýn	26
Uppbygging og skipulag.....	27
Listi yfir gráður sem hægt er að útskrifast með	27
Grunnnám.....	27
Framhaldsnám.....	28
Tafla 1.....	28
Tafla 2.....	29

Formáli

Á fundi stjórnar Menntavísindasviðs (MVS) þann 7. janúar 2015 var samþykkt að hefja vinnu við endurskoðun deildaskiptingar á sviðinu og var í því skyni skipaður starfshópur til að fara yfir og meta fyrirkomulag núverandi deildaskiptingar og setja fram tillögur um framtíðarskipulag.

Starfshópurinn skipuðu Magnús Lyngdal Magnússon, tilnefndur af rektor, Jóhanna Einarsdóttir forseti MVS, deildarforsetarnir Gunnhildur Óskarsdóttir og Freyja Hreinsdóttir (frá júní 2016) frá Kennaradeild og Ólafur Páll Jónsson frá Uppeldis- og menntunarfræðideild, Ástríður Stefánsdóttir og Anna Sigríður Ólafsdóttir (frá júní 2016) frá Íþróttá-, tólmstunda- og þroskajálfadeild. Einnig sátu í nefndinni, fulltrúi nemenda, Andri Rafn Ottesen, Björg Gísladóttir rekstrarstjóri MVS og Kolbeinn Marteinsson sem var fyrst ritari nefndarinnar en í hans stað kom Ingunn Eypórsdóttir í desember 2015. Í stað Andra Rafns tók Jónína Sigurðardóttir við vorið 2016. Starfshópurinn skipti með sér verkum og var ákveðið að Magnús Lyngdal yrði formaður hans.

Starfshópurinn starfaði náið með starfsfólki og nemendum MVS. Í upphafi var starfsmönnum boðið til rýnifunda til að ræða skoðanir sínar og hugleiðingar um deildaskiptingu sviðsins. Reglulega voru haldnir opnir fundir um vinnuna þar sem starfsmönnum gafst kostur á að leggja af mörkum og koma með hugmyndir. Einnig var deildaskiptingin rædd á deildarfundum og í deildarráðum. Farið var yfir vinnuna á vor- og haustþingum sviðsins og fólki gefinn kostur á að ræða saman í hópum og koma með tillögur. Starfsmönnum gafst tækifæri til að senda inn tillögur og umsagnir varðandi framtíðardeildaskipan við sviðið, fyrst haustið 2015 og síðan á vormisseri 2016 þegar stofnaður var opinn hópur um verkefnið í Uglu. Þegar hópurinn hafði komist að niðurstöðu um fjögurra deilda skiptingu sviðsins voru skipaðir vinnuhópar fyrir hverja deild sem unnu að því að útfæra tillöguna, skilgreina námsbrautir og koma með hugmyndir um námsleiðir í hverri deild. Skiptar skoðanir voru meðal starfsfólks og var einkum ágreiningur um skiptingu Kennaradeildar.

Í eftirfarandi skýrslu er gerð grein fyrir forsendum vinnunnar og tillögum starfshópsins. Hafa ber í huga að heiti deildanna fjögurra sem sett eru fram í skýrslunni eru vinnuheiti.

Samantekt

Starfshópurinn starfaði frá mars 2015 til nóvember 2016 og fólst vinna hans í því að greina og meta fyrirkomulag deildaskiptingar við MVS og setja fram tillögur að framtíðarskipan deilda við sviðið.

Mat hópsins er að núverandi deildaskipting við MVS sé að ýmsu leyti óheppileg og endurspegli illa faglegar einingar sviðsins. Meginfallarnir eru þessir: deildir sviðsins eru misstórar, óljós skil eru milli Uppeldis- og menntunarfræðideilar (UMF) og Kennaradeildar (KEN) eftir að kennaranámið var lengt í fimm ár og brautir KEN-deildar eru misstórar. Að auki er MVS með færri deildir en önnur svið í HÍ og því er sviðið ekki eins sýnilegt og það gæti verið. Fleiri deildir veita sviðinu aukna aðkomu að stjórnun og gera sviðið og starf þess sýnilegra.

Með því að bregðast við ofangreindum göllum er þess vænst að ný deildaskipan á MVS auki þverfaglega samvinnu á við önnur svið HÍ, ekki síst á sviði faggreinakennslu.

Tillaga hópsins miðast við að skipta MVS í fjórar deildir: Deild kennslu- og menntunarfræði, Deild faggreinakennslu, Deild menntunar og margbreytileika og Deild heilsueflingar, íþróttar og tómsunda. Miðað er við að hver deild hafi á að skipa öflugum stjórnendum og geti leitt grunn- og framhaldsnám deildar, og einnig hæfum rannsakendum sem geta leiðbeint framhaldsnemum, unnið umsóknir í rannsóknarsjóði og leitt stór rannsóknarverkefni. Lögð er áhersla á að skiptingin endurspegli sérstöðu sviðsins og fjölbreytni. Með nýrri deildaskipan er þess vænst að faglegt samstarf milli deilda aukist og hafi í sér innbyggða hvata til þverfaglegrar samvinnu enda er MVS í ríkum mæli þverfaglegt fræðasvið.

Áformað er að þessi tilhögun á skiptingu sviðsins í deildir komi til framkvæmdar haustið 2018. Þangað til verður unnið að breyttu skipulagi og haft samband við starfsfólk um skipan fólks í deildir og skipulag námsins innan hverrar deildar byggt á þeim tillögum sem hér eru settar fram.

Forsendur breyttrar deildarskiptingar

Í reglum Háskóla Íslands (HÍ) er í 15. gr. fjallað um hlutverk, starfsemi og stjórn deilda. Þar kemur eftirfarandi fram:

Háskóladeildir eru faglegar grunneiningar háskólans og starfa á vettvangi fræðasviða. Innan þeirra fer fram kennsla, rannsóknir og stjórnun. Deildir eru sjálfstæðar um eigin málefni innan þeirra marka er sameiginlegar reglur háskólans setja og bera faglega ábyrgð á háskólakennslu og námi og veitingu prófgráðu við námslok.

Hver deild fer með málefni kennslugreina sinna, ákveður námsefni og tilhögun kennslu og prófa, ákveður skiptingu kennslu milli einstakra kennara í deild og gerir tillögur til forseta fræðasviðs um ráðningu stundakennara, svo og um nauðsynlegar fjárveitingar og ný störf. Stjórn deildar er í höndum deildarfunda, deildarráðs, ef við á, og deildarforseta. Deildarfundur fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum deildar. Í tilteknum málum eða málaflokkum er háskóladeild heimilt á fundi að framselja ákvörðunarvald til deildarráðs eða deildarforseta.

Heimilt er með samþykki stjórnar fræðasviðs að skipa deild í námsbrautir. Innan námsbrauta skulu að jafnaði vera nokkrar námsleiðir sem mynda faglega heild, sbr. 21. gr. þessara reglna.

Í kjölfar sameiningar HÍ og KHÍ var MVS skipt upp í þrjár deildir. Þegar það var gert var ákveðið að sú skipan yrði metin og endurskoðuð þegar reynsla væri komin á hana. Var það ítrekað í skýrslu um mat á sameiningu HÍ og KHÍ sem unnin var á vegum háskólaráðs árið 2014. Í aðgerðaáætlun skýrslunnar kemur fram:

To strengthen SOE [School of Education] as a united entity, the current division of SOE into three faculties needs to be reevaluated for possible improvements.

The strength of non-teaching departments at SOE needs to be acknowledged, respected and used to strengthen the teacher education (ITE). The teacher education (ITE) should be better used to enhance teaching and learning at the other faculties.

Í skýrslunni kemur einnig fram gagnrýni á takmarkað val í kennaranámi og lítil tengsl við önnur svið HÍ.

Í samræmi við ofangreint voru eftirfarandi atriði lögð til grundvallar breyttri deildaskipan:

Stærðir og umfang deilda

- Deildir eru misstórar en KEN-deild hefur verið fjölmennust en á aðeins einn fulltrúa í stjórn sviðsins. Heppilegra væri að meira jafnræði væri með deildum sviðsins.
- Brautir KEN-deildar eru misstórar. Þar er grunnskólakennarafræði langstærst og fær því mest rými og umræðu á deildarfundum og í deildarráði.

Deildir sem faglegar einingar

- Eftir að kennaranámið var lengt í fimm ár eru nú óljós skil milli deilda UMF og KEN. Boðið er upp á meistaranám fyrir kennara í báðum deildum. Þær skarast og milli deilda er jafnvel samkeppni.
- ÍTÞ-deild er samansafn af nokkuð óskyldum brautum og veldur ólíkur fræðilegur bakgrunnur starfsfólks því að erfitt er að mynda faglega heild.

Sýnileiki MVS innan HÍ

- Sviðsforseti og deildarforsetar mynda ákveðið stjórnunarlag í skipuriti háskólans í heild og þar þarf MVS að eiga sína fulltrúa til jafns við önnur svið. Á MVS eru færri deildir en á öðrum fræðasviðum HÍ. Sviðið verður því ekki eins sýnilegt, t.d. við brautskráningar, rödd sviðsins ekki eins áberandi á háskólaþingi, við kosningar í háskólaráð og í Tímariti HÍ.

Sóknarfæri

- Hugsanleg sóknarfæri eru í þverfaglegri samvinnu milli sviða ef sviðinu væri skipt í fleiri deildir, einkum í faggreinakennslu.
- Hugsanleg sóknarfæri eru fyrir áhugaverðar námsbrautir ef deildirnar mynda sterkari faglegar einingar.
- Ný deildaskipting gæti styrkt samstarf við önnur fræðasvið HÍ og jafnvel flutt námsbrautir á milli sviða.

Viðmið nýrrar deildaskiptingar

Ný deildaskipting MVS tekur mið af eftirfarandi þáttum:

Faglegar einingar

Stjórnskipan HÍ reiknar með því að deildir séu faglegar einingar. Gert er ráð fyrir að uppstokkun deilda skili sér í meiri faglegum samlegðaráhrifum en nú er. Slíkt mun auðvelda samkennslu áfanga og nýta kennara betur. Jafnframt er kostur ef fólk í sömu deild vinnur saman að rannsóknum þótt vitanlega verði rannsóknarsamstarf einnig alltaf þvert á deildir, svið og háskóla. Sameiginlegir faglegir fletir felast m.a. í: skyldleika í innihaldi náms, sambærilegum viðhorfum til viðfangsefnis, sameiginlegum viðfangsefnum í rannsóknum og rannsóknarhefðum.

Samspil grunn- og framhaldsnáms

Gert er ráð fyrir að sérhver deild bjóði upp á öflugt grunn- og framhaldsnám.

Sýnileiki sviðs og skýrleiki náms

Leitast er við að með nýrri deildaskiptingu gefist tækifæri til að kynna sviðið með nýjum hætti, þar sem breidd þess og sérstaða kemur skýrt fram. Stefnt er að því að MVS fái ásýnd sviðs sem veitir fjölbreytta menntun.

Stærð deilda

Með því að fjölga deildum á sviðinu eykst aðkoma sviðs að ákvörðunum. Miðað er við að hver deild hafi:

- 20-30 fastráðna kennara
- öfluga stjórnendur og hafi yfir að ráða fimm til tíu einstaklingum með hæfi í stjórnun sem geta leitt grunn- og framhaldsnám deildar
- u.þ.b. fimm til tíu akademíska starfsmenn sem geta leiðbeint doktorsnemum, unnið umsóknir í rannsóknarsjóði og leitt stór rannsóknarverkefni.

Nýtt nám á traustum grunni

Við endurskipulagningu deilda MVS er lögð áhersla á að nýta þá þekkingu og reynslu sem fyrir er á sviðinu. Auk þess er gert ráð fyrir möguleikum á nýju námi í takt við samfélagsþróun.

Þverfaglegt starf

Með nýrri deildaskipan er þess vænst að faglegt samstarf milli deilda aukist og hafi í sér innbyggða hvata til þverfaglegrar samvinnu enda er MVS í ríkum mæli þverfaglegt fræðasvið.

Samstarf við önnur svið

Í nýrri deildaskipan er leitast við að einfalda skipulag sviðsins og auðvelda samstarf við önnur svið HÍ.

Tillaga að deildaskiptingu

Nefndin leggur til að deildum MVS verði fjölgað úr þremur í fjórar. Tillagan gerir jafnframt ráð fyrir töluverðri uppskiptingu á núverandi skipan í deildir. Þess er vænst að hin nýja skipan verði til þess að styrkja sviðið sem faglega einingu, bæði með tilliti til rannsókna og kennslu. Gert er ráð fyrir að núverandi KEN-deild verði skipt í tvennt. Annars vegar í Deild kennslu- og menntunarfræði, sem leggur áherslu á menntun kennara yngri barna, allt frá leikskólaaldri að miðstigi grunnskólans, auk menntastjórnunar, hins vegar í Deild faggreinakennslu þar sem viðfangsefnið er fyrst og fremst menntun faggreinakennara í grunn- og framhaldsskólum. Þá er lagt til að

sérstök deild, Deild menntunar og margbreytileika, muni spanna vítt svið, m.a. uppeldis- og menntunarfræði, foreldrafræðslu, lýðræðis, kynjafræði og sjálfbærni í menntun og þroskaþjálfing. Að lokum er gert ráð fyrir Deild heilsueflingar, íþrótt og tómstunda sem hefur tómstunda- og félagsmálafræði, íþrótt- og heilsufræði, fæðuval og heimilisfræði, forvarnir og heilsueflingu að viðfangsefni. Auk þess verður diplómanám fyrir nemendur með þroskahömlun staðsett í deildinni. Til greina kemur að heiti deilda verði endurskoðuð.

Boðið verður upp á grunn-, framhalds- og doktorsnám í öllum deildum, en skipulag doktorsnáms verður áfram í höndum sviðsins.

MVS er þverfaglegt fræðasvið og því er augljós skörun milli deilda. Gert er ráð fyrir að skipuð verði fagråd um þau svið sem tilheyra fleiri en einni deild. Fagrådin verða skipuð fulltrúum þeirra deilda sem málið varðar. Sem dæmi má nefna fagråd um menntun án aðgreiningar, fagråd um áhættuhegðun, fagråd um vettvangsnám, fagråd um aðferðafræði og fagråd um læsi. Hlutverk fagrådanna er að koma með tillögur til stjórnar um skipulag tiltekinna námsþátta.

Fjármál

Samkvæmt þeim tillögum, sem stjórn sviðsins hefur lagt fram til nánari útfærslu, bætist ein deild við á MVS auk þess sem námsbrautum fjölga úr tíu í fjórtán. Þetta kallar á aukinn kostnað en álag á stjórnendur mun dreifast með jafnari hætti.

Samkvæmt tillögunni verður doktorsnám í öllum deildum í stað einnar í dag en það mun ekki hafa áhrif á kostnað þar sem verkefnisstjóri mun halda utan um doktorsnám við sviðið eins og verið hefur.

Ekki er ætlunin að auka námskeiðaframboð í þessari tillögu en mögulega mun framboðið breytast eitthvað. Tillagan gengur út á meira samstarf við önnur svið með tilkomu deildar í faggreinakennslu og með því er stefnt að auknu framboði námskeiða í faggreinum. Undirbúningur vegna breytinga á deildaskipan verður mikill, bæði hjá akademískum stjórnendum og stjórnsýslunni, og mikil vinna framundan við breytingar á kennsluskrá, vef og tilfærslum í nemendakerfi skólans. Þetta kallar á umframkostnað í upphafi, enda mun þurfa aðstoð við þessi verkefni þar sem þau eru umfangsmikil og ekki hægt að bæta þeim öllum ofan á dagleg störf í stjórnsýslunni. Jafnframt má gera ráð fyrir að töluverð vinna verði hjá akademískum stjórnendum við það að hrinda breytingunum í framkvæmd.

Niðurstaðan er því sú að kostnaðaraukning verður tiltölulega lítil vegna breytinganna til lengri tíma lítið þó gera megi ráð fyrir auknum kostnaði við undirbúning og breytingaferlið.

Ávinningur

Með breyttri deildaskipan og fjölgun deilda við MVS verða til fjórar faglega sterkar og samstæðar einingar. Deildirnar verða svipaðar að stærð og styrkleika og þess er vænst að samstarf um rannsóknir innan deildanna aukist. Nýtt skipulag kallar á aukið samstarf um kennslu milli deilda á sviðinu því nemendur tiltekinna námsleiða munu sækja námskeið í fleiri en einni deild. Ætla má að t.d. kennaranám og þroskaþjálfanám styrkist í slíku skipulagi. Með því að fjölga deildum á MVS verður sviðið sýnilegra í skipulagi HÍ enda er öðrum fræðasviðum skipt upp í fjórar til sjö deildir.

Möguleikum til samstarfs við önnur svið og deildir innan HÍ mun fjölga við breytta deildaskiptingu MVS. Til að slíkt samstarf verði farsælt þarf góðan undirbúning og skipulag. Lagt er til að skapaður verði samráðsvettvangur um það verkefni með fulltrúum frá öllum fræðasviðum HÍ undir forystu MVS.

Ýmsar hugmyndir hafa komið fram um mögulega samvinnu og má þar nefna að með staðsetningu náms í þroskaþjálfufræði í Deild menntunar og margbreytileika, verður námið hluti af stærra samhengi fjölmeningarfræða, mannréttinda og margbreytileika og gæti átt nánara samstarf við t.d. fötlunarfræði innan Félags- og mannvísindadeildar á Félagsvísindasviði. Með skiptingu KEN-deildar og flutningi stjórnunarnáms í Deild kennslu- og menntunarfræði mætti einnig hugsa sér aukið samstarf við náms- og starfsráðgjöf innan Félags- og mannvísindadeildar. Deild faggreinakennslu hefur verið skipt í brautir út frá faggreinum. Slík skipting gæti auðveldað samstarf við samsvarandi faggreinar á öðrum sviðum HÍ. Nú þegar er samstarf milli hluta af núverandi Íprótta-, tómsunda- og þroskaþjálfadeildar og deilda á Heilbrigðisvísindasviði. Gert er ráð fyrir að það samstarf muni styrkjast enn frekar við nýja deildaskiptingu.

Lýsing á deildum

Hér verða settar fram tillögur um skipulag náms í þeim fjórum deildum sem MVS verður skipt í. Starfshópar voru skipaðir sem unnu þessar tillögur og settu fram tillögur um viðfangsefni hvers deildar, framtíðarsýn og uppbyggingu og skipulag deildanna. Á vor- og fram á haustmíssi 2017 verður unnið áfram að nánari útfærslu. Áformað er að þessi tilhögun komi til framkvæmda haustið 2018. Stjórn MVS mun skipa vinnuhópa til að útfæra þessar tillögur. Hver hópur mun velja sér verkstjóra.

Deild kennslu- og menntunarfræði

(Faculty of Education and Pedagogy)

Starfshópur

Í starfshópnum sátu fjórir fulltrúar úr Kennaradeild, einn úr Uppeldis- og menntunarfræðideild og kennslustjóri sviðsins. Þetta voru þau Auður Pálsdóttir, lektor og formaður grunnskólabrautar (sem fór fyrir hópnum), Svava Pétursdóttir, lektor og oddviti kjörsviðsins kennsla ungra barna í grunnskóla, Baldur Sigurðsson, dósent og oddviti kjörsviðsins íslensku í grunnskólakennarafræði, Anna Kristín Sigurðardóttir, dósent og formaður námsbrautarinnar menntastjórnun og matsfræði (í Uppeldis- og menntunarfræðideild), Bryndís Garðarsdóttir, lektor og formaður leikskólabrautar, Ásdís Hrefna Haraldsdóttir kennslustjóri MVS, og fulltrúi nemenda.

Viðfangsefni deildar

Í þessari deild er viðfangsefnið skólakerfið og starf í skólum með áherslu á menntunar- og kennslufræði á þeim starfsvettvangi, bæði í kennslu og rannsóknum. Í deildinni verða menntaðir leik- og grunnskólakennarar. Lagt er til að þróað verði samþætt meistaranám fyrir þá sem lokið hafa B.Ed.-prófi í leik- eða grunnskólakennarafræði. Hugsunin byggir á að skapa skýrari tengingu viðfangsefna í tengslum við nám barna í leikskólum og yngri bekkjum grunnskóla en áður hefur verið og styðst það við anda í lögum og aðalnámskrám um samfellu á mörkum skólastiga. Þá eru slíkar áherslur viðbrögð við kröfum um að á báðum skólastigum sé skýr sýn á hvaða þekkingu og færni er mikilvægast að börnin búi yfir þegar þau færast yfir á næsta skólastig og ábendingar um að mikilvægt sé að styrkja leik í menntun yngri barna í grunnskólum. Auk þessa gefur skipulag deildarinnar ákveðin tækifæri í rannsóknum vegna nálægðar innan deildar milli menntastjórnunar og matsfræða við nám og kennslu í leikskóla og yngri bekkjum grunnskóla.

Framtíðarsýn

Ef horft er til framtíðar og mögulegrar einföldunar á kennaranámi má sjá ýmsa möguleika fyrir sér. Hugsanlega gætu leyfisbréf fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla orðið tvö í stað þriggja nú. Þannig mætti sjá fyrir sér kennaranám fyrir þá sem vilja vinna með börnum á leikskólastigi og/eða í yngri bekkjum grunnskóla þar sem starf þessara aldurshópa yrði betur tengt. Sprotta í slíku starfi má nú þegar finna í samstarfi leik- og grunnskóla víða um land og/eða skólum héraendis sem sérhæfa sig í starfi með yngri börnum. Að sama skapi gæti orðið til sérstakt nám fyrir þá sem sérhæfa sig í kennslu faggreina eða faggreinasviða allt frá miðstigi grunnskóla yfir í framhaldsskóla.

Auk þeirra námsleiða sem hér eru kynntar mætti móta námsleið fyrir starfandi leikskólakennara á sömu nótum og námsleiðina framhaldsnám grunnskólakennara, því ef

marka má fyrstu vísbendingar mats á því starfi mætir sú námsleið þörfum kennara í starfi sem vilja stunda meistaranám.

Uppbygging og skipulag

Í þessari deild er gerð tillaga að tveimur brautum í grunn- og meistaranámi, menntunarfræði leik- og grunnskóla og menntastjórnun og matsfræði. Gerð er tillaga að nokkrum námsleiðum á báðum brautum.

Námsbrautin menntunarfræði leik- og grunnskóla felur í sér grunn- og meistaranám á níu námsleiðum. Gert er ráð fyrir samnýtingu námskeiða innan námsstiga. Í grunnnámi námsbrautarinnar yrði áherslan á menntun barna á þremur námsleiðum:

1. Leikskólakennarafræði
2. Leikskólafræði
3. Grunnskólakennarafræði

Í framhaldsnámi námsbrautarinnar er gerð tillaga að sex námsleiðum til meistaraþrófs. Allar fælu þær í sér skýra tengingu við vettvang á því sviði sem námið og/eða sérhæfingin snýst um. Í þessu skipulagi eru ekki skilgreindar viðbótardiplómur enn sem komið er, en viðbótardiplómur til 30 eða 60 eininga má útfæra, t.d. á grunni núverandi diplóma í málþroska og læsi, stærðfræðimenntunar og/eða náms- og kennslufræði. Námsleiðirnar eru:

- Í fyrsta lagi menntunarfræði yngri barna þar sem sjónum er beint að uppeldi og menntun í leikskólum og yngri bekkjum grunnskóla. Þessi námsleið yrði fyrir þá sem hafa B.Ed.-gráðu í leikskóla- eða grunnskólakennarafræði. Námið yrði skipulagt með hliðsjón af aðalnámskrá skólastiganna og starfsvettvangi leik- og grunnskólakennara. M.a. yrði fjallað um sýn á börn og nám í nútímasamfélagi, grundvallarhugmyndir um nám barna og hvernig þeim eru skapaðar námsaðstæður í skólum þar sem grunnþættir menntunar, þátttaka, valdefling, lýðræði og vellíðan, eru í brennidepli. Einnig yrði áhersla á þróun náms, skipulag námsumhverfis og fjölbreyttar leiðir til að meta nám barna sem snerta m.a. námssvið/námsgreinar í leik- og grunnskóla.

Námið snerist einnig um að undirbúa nema undir að gera sjálfstæðar rannsóknir í eigin starfi og að nýta sér rannsóknir annarra til þróunar skólastarfs, samstarfs og faglegrar forystu á vettvangi leik- og grunnskóla. Námið yrði í nánnum tengslum við vettvang og vettvangsnám, samþætt fræðilegum undirbúningi.

Hægt væri að búa svo um hnútana að á þessari námsleið gætu þeir komið sem hafa lokið t.d. B.Ed.-prófi í faggreinakennslu en hafa „skipt um skoðun“ og vilja sérhæfa sig í menntun og kennslu yngri barna.

- Í öðru lagi menntun án aðgreiningar þar sem sjónum er beint að námi og kennslu í fjölbreyttum hópum barna og skóla án aðgreiningar, mati á stöðu og þörfum, úrræðum og stuðningi, gerð námskráa og áætlana miðað við ólíkar þarfir og bakgrunn barna. Þessi námsleið byggir á forsendum kynntum í aðalnámskrá (kafla 2.1.3 og 2.1.4).
- Í þriðja lagi íslenska, mál og læsi þar sem sjónum er beint að málproska barna, þróun lestrar og ritunar barna, tvítýngi, íslensku sem öðru máli, og lögð yri áhersla á fjölbreyttar leiðir til læsis.
- Í fjórða lagi framhaldsnám grunnskólakennara sem er fyrir starfandi grunnskólakennara sem hafa leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari. Námið er sérsniðið að kennurum í starfi, felur í sér mikið val og er skipulagt sem nám með starfi í þrjú til fjögur ár.
- Í fimmta lagi menntunarfræði leikskóla sem er fyrir þá sem hafa BA/BS-próf í grein sem tengist uppeldisfræði eða námssviðum leikskóla og vilja fá leyfi til að nota starfsheitið leikskólakennari.
- Í sjötta lagi menntunarfræði grunnskóla sem er fyrir þá sem hafa BA/BS-próf í námsgrein eða námsgreinasviði og vilja fá leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.

Námsbrautin menntastjórnun og matsfræði felur í sér fjórar námsleiðir með ákveðinni samnýtingu námskeiða. Þessi braut myndi krefjast starfsreynslu af hálfu umsækjenda, t.d. tveggja ára reynslu, líkt og verið hefur. Námsleiðirnar eru:

- Í fyrsta lagi námsleiðin stjórnun menntastofnana þar sem sjónum er beint að stjórnunarfræðum menntastofnana og rannsóknum á því sviði. Fjallað er um forystuhlutverk skólastjórnenda á öllum skólastigum, þróunarstarf í menntastofnunum og menntastefnufræði.
- Í öðru lagi námsleiðin matsfræði þar sem fjallað er um innra og ytra mat í skólum, heilbrigðisþjónustu og uppeldisstarfi, mat á þjónustu og þróunarstarfi, matsaðferðir og matsnálganir.
- Í þriðja lagi námsleiðin leiðtogar, nýsköpun og stjórnun þar sem sjónum er beint að leiðtogum á breytingatímum, tengslum menntunar og atvinnulífs, stöðu kynja og kynjunnar fyrir leiðtoga, stjórnendur og frumkvöðla.
- Í fjórða lagi námsleiðin námskráfræði og menntastefnur þar sem sjónum yri beint að opinberum skjölum um menntastefnu, námskrágerð, námskráþróun, stefnumótun, álitamálum og hugmyndafræðilegum straumum á sviði menntastefnufræða.

Í deildinni yrði í boði tvenns konar doktorsnám, annars vegar til Ph.D.-gráðu þar sem lögð er áhersla á umfangsmikið rannsóknarverkefni og hins vegar Ed.D.-gráðu þar sem yrði skýr tenging við starfsvettvang, minna rannsóknarverkefni en gerð krafa um að ljúka fleiri námskeiðum en í Ph.D.-náminu.

Listi yfir gráður sem hægt er að útskrifast með

Skipulagið hér að ofan gerir ráð fyrir að nemendur geti brautskráðst úr deildinni á þremur stigum með eftirfarandi prófgráður:

Grunnnám

B.Ed. í leikskólakennarafræði

B.Ed. í grunnskólakennarafræði

Diplóma í leikskólafræði

Framhaldsnám

M.Ed. í menntunarfræði yngri barna

M.Ed. í menntun án aðgreiningar

M.Ed. í íslensku, mál og læsi

M.Ed. í menntunarfræði leikskóla

M.Ed. í menntunarfræði yngri nemenda í grunnskóla

M.Ed./MA í stjórnun menntastofnana

M.Ed./MA í matsfræði

M.Ed./MA í leiðtogar, nýsköpun og stjórnun

M.Ed./MA í námskráfræði

Viðbótardiplómur

Tafla 1 Skipulag grunnnáms í Deild kennslu- og menntunarfræði

Háskólaprep	Námsbraut	Námsleiðir	Helstu áherslur
Grunnnám	Menntunarfræði leik- og grunnskóla (B.Ed. 180 e)	Leikskólakennarafræði (B.Ed. 180 e)	Uppeldis- og menntunarfræði leikskóla Leikur barna og samskipti Málörvun og bernskulæsi Listir og barnamenning Foreldrasamstarf Grunnþættir menntunar og námssvið leikskóla Samstarf og stjórnun
		Leikskólafræði (Diplóma 120 e)	Uppeldis- og menntunarfræði leikskóla Leikur barna og samskipti Málörvun og bernskulæsi Listir og barnamenning Foreldrasamstarf Grunnþættir menntunar og námssvið leikskóla
		Grunnskólakennarafræði (B.Ed. 180 e)	Nám og kennsla yngri barna Fagmennska og sveigjanleiki í kennslu og uppeldisstarfi Þroski barna og þróun boðskiptahæfni og málnotkunar Foreldrasamstarf

Tafla 2 Skipulag framhaldsnáms í Deild kennslu- og menntunarfræði

Háskólabrep	Námsbrautir	Námsleiðir	Helstu áherslur
Meistaránám	Menntunarfræði leik- og grunnskóla (M.Ed. 120 e)	Menntunarfræði yngri barna (M.Ed. 120 e) Fyrir þá sem hafa B.Ed. 180 e í leik- eða grunnskóla-kennarafræði	Kennsla í leikskóla og yngri bekkjum grunnskóla Sýn á börn og nám í nútíma-samfélagi Hugmyndir um nám barna Námsaðstæður í skólum Grunnbættir menntunar, þátttaka valdefling og velferð Rannsóknir og þróun skólustarfs Mat á námi
		Menntun án aðgreiningar (M.Ed. 120 e)	Nám og kennsla í fjölbreyttum hóp-um barna og skóla án aðgreiningar Mat á stöðu og þörfum Úrræði og stuðningur, gerð námskráa og áætlananna miðað við ólíkar þarfir og bakgrunn barna
		Íslenska, mál og læsi (M.Ed. 120 e)	Málþroski, tvítýngi og íslenska sem annað mál Þróun lestrar og ritunar, fjölbreyttar leiðir til læsis
		Framhaldsnám grunnskólakennara (M.Ed. 120 e)	Fyrir starfandi grunnskólakennara með starfsleyfi. Námið er sérstaklega að kennurum í starfi og skipulagt sem nám með starfi.
		Menntunarfræði leikskóla (M.Ed. 120 e) Fyrir þá sem hafa BS/BA	Uppeldis- og menntunarfræði leikskóla (fræði og vettvangsnám) Forysta og samstarf Rannsóknir og þróun
		Menntunarfræði yngri nemenda í grunnskóla (M.Ed. 120 e) Fyrir þá sem hafa BS/BA	Uppeldis- og menntunarfræði í yngri bekkjum grunnskóla (fræði og vettvangsnám) Forysta og samstarf Rannsóknir og þróun
		Viðbótardiplómur (30-60 e)	Viðbótardiplómur
	Menntastjórnun og matsfræði (M.Ed./MA 120 e)	Stjórnun menntastofnana (120 e)	Stjórnunarfræði Einkenni menntastofnana Forystuhlutverk skólastjórnenda Þróunarstarf í menntastofnunum
		Matsfræði (120 e)	Innra og ytra mat Sjálfsmat Þjónustumat Mat á þróunarstarfi Matsaðferðir og -nálganir
		Leiðtogar, nýsköpun og stjórnun (120 e)	Hlutverk leiðtoga á breytingatímum Tengsl menntunar og atvinnulíf Staða kynjanna og kynjunar fyrir leiðtoga, stjórnendur og frumkvöðla
		Námskráfræði og menntastefnur (120 e)	Hugmyndafræði í opinberum menntastefnuskjölum Námskrágerð Námskráþróun, stefnumótun Álitamál og hugmyndafræðilegir straumar
Doktorsnám	Ph.D. / Ed.D.	Menntunar- og kennslufræði (180-240 e)	Menntunar- og kennslufræði á sviði deildarinnar

Deild faggreinakennslu

(Faculty of Subject Teacher Education)

Starfshópur

Í starfshópnum sátu fimm fulltrúar úr Kennaradeild og kennslustjóri sviðsins. Þetta voru þau Freyja Hreinsdóttir, dósent og varadeildarforseti Kennaradeildar (sem fór fyrir hópnum), Ása Helga Proppé Ragnarsdóttir, aðjúnkt í kennslufræði leiklistar, Ásgrímur Angantýsson, dósent í íslensku, Berglind Gísladóttir, lektor í kennslufræði, Þuríður Jóhannsdóttir, dósent og formaður námsbrautar í kennslufræði framhaldsskóla, og háskóla, og Ásdís Hrefna Haraldsdóttir, kennslustjóri MVS, og fulltrúi nemenda.

Viðfangsefni deildar

Viðfangsefni deildarinnar eru menntun faggreinakennara, sem eru sérfræðingar í kennslu einstakra námsgreina (sbr. aðalnámskrár) í grunn- og framhaldsskólum, og rannsóknir tengdar faggreinakennslu og námi í faggreinum. Verðandi grunnskólakennarar verða menntaðir í faggrein, kennslufræði faggreinar og almennri kennslufræði og tengdum greinum. Verðandi framhaldsskólakennarar verða menntaðir í kennslufræði faggreinar og almennri kennslufræði en menntun þeirra í faggreinum fer aðallega fram við aðrar deildir HÍ. Einnig er við deildina boðið upp á nám í kennslufræði háskóla.

Við deildina er námsbraut sem sérhæfir sig í námsleiðum á sviði faggreinakennslu fyrir starfandi kennara og vonast er til að slík námsbraut og námsnefnd á hennar vegum geti sinnt því starfi sem að nokkru leyti hefur verið dreift á ýmsa staði. Hér eru námsleiðir eins og t.d. stærðfræðimenntun fyrir starfandi framhaldsskólakennara, nám sem áður hefur heyrt undir náms- og kennslufræði og háskólakennsla fyrir starfandi háskólakennara.

Framtíðarsýn

Sérstök deild með áherslu á kennslu faggreina skapar mikla samstarfsmöguleika, bæði innan deildarinnar og utan. Námsbrautir í kennslu ákveðinna faggreina eiga vel skilgreinda samstarfsaðila í öðrum deildum og námsbrautum sem sérhæfa sig í þessum faggreinum. Faggreinamenntun verðandi framhaldsskólakennara fer að mestu fram utan MVS. Með samstarfi væri þó hugsanlegt að sameina nám að einhverju leyti nám fyrir verðandi framhaldsskólakennara og grunnskólakennara, í tiltekinni grein, sem myndi auðvelda kennurum að fá réttindi á báðum skólastigum.

Uppbygging og skipulag

Við deildina er gerð tillaga að fimm námsbrautum. Fyrir verðandi grunnskólakennara í fimm ára námi eru skilgreindar þrjár námsbrautir:

1. Íslenska, erlend tungumál og samfélagsgreinar
2. List-, verk- og tæknigreinar
3. Stærðfræði og raungreinar

Á hverri námsbraut eru skilgreindar námsleiðir sem að mestu svara til þeirra kjörsviða sem nú eru í náminu. Með þessari skiptingu í námsbrautir er kennslu í faggreinum lyft ofar í skipulagi og þær eru því sýnilegri en í núverandi fyrirkomulagi. Einnig skapar þessi námsbrautaskipan meiri möguleika á samstarfi við samsvarandi greinar á öðrum sviðum HÍ. Gert er ráð fyrir að á hverri námsbraut verði búin til hæfniviðmið fyrir hverja námsleið. Þessi hæfniviðmið miðast við sérhæfingu í tiltekinni grein og verða því nákvæmari en núverandi hæfniviðmið grunnskólakennarabrautar. Gert er ráð fyrir að deildin sjálf muni móta og þróa það nám sem í boði verður í deildinni. Með hæfniviðmið námsleiða í hendi verður einfaldara að ráðast í þá vinnu og því má reikna með að nám við deildina breytist og þróist á næstu árum.

Til viðbótar voru skilgreindar tvær námsbrautir:

1. Kennslufræði faggreina
2. Námsbraut fyrir starfandi faggreinakennara

Námsleiðir á námsbrautinni kennslufræði faggreina eru þær námsleiðir sem nú eru til á námsbrautinni menntun framhaldsskólakennara ásamt námsleiðinni kennslufræði grunnskóla. Þessar námsleiðir eru settar saman í námsbraut til að skapa möguleika á meira samstarfi við skipulagningu þessara leiða í framtíðinni. Hver námsleið í grunnnámi á sér eðlilegt framhald í meistaranámi á sömu námsbraut.

Listi yfir gráður sem hægt er að útskrifast með úr deildinni

Grunnnám

- B.Ed. í kennslu íslensku í grunnskóla
- B.Ed. í kennslu erlendra tungumála í grunnskóla
- B.Ed. í kennslu samfélagsgreina í grunnskóla
- B.Ed. í kennslu listgreina í grunnskóla
- B.Ed. í kennslu verkgreina í grunnskóla
- B.Ed. í kennslu upplýsingatækni í grunnskóla
- B.Ed. í kennslu stærðfræði í grunnskóla
- B.Ed. í kennslu náttúrufræðigreina í grunnskóla
- B.Ed. í kennslu verk- og starfsmenntunar
- Kennslufræði fyrir iðnmeistara, grunndiplóma

Framhaldsnám

M.Ed. í kennslu íslensku í grunnskóla
M.Ed. í kennslu erlendra tungumála í grunnskóla
M.Ed. í kennslu samfélagsgreina í grunnskóla
M.Ed. í kennslu listgreina í grunnskóla
M.Ed. í kennslu verkgreina í grunnskóla
M.Ed. í kennslu upplýsingatækni í grunnskóla
M.Ed. í kennslu stærðfræði í grunnskóla
M.Ed. í kennslu náttúrufræðigreina í grunnskóla
M.Ed. í menntun framhaldsskólakennara

Viðbótardiplómur

Stærðfræðimenntun fyrir starfandi framhaldsskólakennara
Menntun framhaldsskólakennara
Háskólakennsla

Tafla 1 Skipulag grunnnáms í Deild faggreinakennslu

Námsbrautir	Námsleiðir	Kjörsvið	Helstu áherslur
Íslenska, erlend tungumál og samfélagsgreinar	Kennsla íslensku í grunnskóla, B.Ed. (180 e)		Kennslufræði grunnskóla Íslenska og kennslufræði íslensku
	Kennsla erlendra tungumála í grunnskóla, B.Ed. (180 e)		Kennslufræði grunnskóla Erlend tungumál og kennslufræði þeirra
	Kennsla samfélagsgreina í grunnskóla, B.Ed. (180 e)		Kennslufræði grunnskóla Samfélagsgreinar og kennslufræði þeirra
List-, verk- og tæknigreinar	Kennsla listgreina í grunnskóla, B.Ed. (180 e)	Myndmennt Tónlist, leiklist, dans	Kennslufræði grunnskóla Listgreinar og kennslufræði þeirra
	Kennsla verkgreina í grunnskóla, B.Ed. (180 e)	Hönnun og smíði Textíll	Kennslufræði grunnskóla Verkgreinar og kennslufræði þeirra
	Kennsla upplýsingatækni í grunnskóla, B.Ed. (180 e)		Kennslufræði grunnskóla. Upplýsingatækni, miðlun og kennslufræði upplýsingatækni
Stærðfræði og náttúrufræðigreinar	Kennsla stærðfræði í grunnskóla, B.Ed. (180 e)		Kennslufræði grunnskóla Stærðfræði og kennslufræði stærðfræði
	Kennsla náttúrufræðigreina í grunnskóla, B.Ed. (180 e)		Kennslufræði grunnskóla Náttúrufræði og kennslufræði náttúrufræði
Kennslufræði faggreina	Kennslufræði iðnmeistara, grunndiplóma		Kennslufræði iðngreina
	Kennslufræði verk- og starfsmenntunar, B.Ed. (180 e)		Kennslufræði verk- og starfsmenntunar

Tafla 2. Skipulag framhaldsnáms í Deild faggreinakennslu

Námsbrautir	Námsleiðir	Kjörsvið	Helstu áherslur
Íslenska, erlend tungumál og samfélagsgreinar	Kennsla íslensku í grunnskóla, M.Ed. (120 e)		Kennslufræði grunnskóla Íslenska og kennslufræði íslensku
	Kennsla erlendra tungumála í grunnskóla, M.Ed. (120 e)		Kennslufræði grunnskóla Erlend tungumál og kennslufræði erlendra tungumála
	Kennsla samfélagsgreina í grunnskóla, M.Ed. (120 e)		Kennslufræði grunnskóla Samfélagsgreinar og kennslufræði þeirra
List-, verk- og tæknigreinar	Kennsla listgreina í grunnskóla, M.Ed. (120 e)	Myndmennt Tónlist, leiklist, dans	Kennslufræði grunnskóla Listgreinar og kennslufræði þeirra
	Kennsla verkgreina í grunnskóla, M.Ed. (120 e)	Hönnun og smíði Textíll	Kennslufræði grunnskóla Verkgreinar og kennslufræði þeirra
	Kennsla upplýsingatækni í grunnskóla, M.Ed. (120 e)		Kennslufræði grunnskóla Upplýsingatækni, miðlun og kennslufræði upplýsingatækni
Stærðfræði og náttúrufræðigreinar	Kennsla stærðfræði í grunnskóla, M.Ed. (120 e)		Kennslufræði grunnskóla Stærðfræði og kennslufræði stærðfræði
	Kennsla náttúrufræðigreina í grunnskóla, M.Ed. (120 e)		Kennslufræði grunnskóla Náttúrufræði og kennslufræði náttúrufræði
Kennslufræði faggreina	Kennslufræði grunnskóla M.Ed.		Kennslufræði grunnskóla Kennslufræði greina
	Menntun framhaldsskólakennara, viðbótardiplóma		Kennslufræði framhaldsskóla
	Kennslufræði háskóla		Kennslufræði háskóla
Námsbraut fyrir starfandi faggreinakennara	Ýmsar námsleiðir, sem nú tilheyra náms- og kennslufræði Kennslufræði háskóla		Viðbótarmenntun í faggreinum og kennslufræði þeirra fyrir starfandi faggreinakennara

Deild menntunar og margbreytileika

(Faculty of Education and Diversity)

Starfshópur

Í starfshópnum sátu þrjú fulltrúar frá Uppeldis- og menntunarfræðideild, einn frá Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild og kennslustjóri sviðsins. Þetta voru þau Ólafur Páll Jónsson, prófessor og forseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar (sem fór fyrir hópnum), Berglind Rós Magnúsdóttir, lektor á námsbraut í menntunarfræði og margbreytileika og Hrund Þórarins Ingudóttir, lektor á námsbraut í sálfræði í uppeldis- og menntunarfræði, Margrét Ólafsdóttir, aðjúnkt og formaður námsbrautar í þroskaþjálfrafræði, Ásdís Hrefna Haraldsdóttir, kennslustjóri MVS, og fulltrúi nemenda.

Viðfangsefni deildar

Viðfangsefni deildarinnar er uppeldi, menntun og þroski í víðum skilningi, bæði sem viðfangsefni í skólum, öðrum stofnunum, í samfélaginu almennt og sem þroskaleið einstaklinga. Hugtakið menntun vísar til þess þroska eða vaxtar sem á sér stað ýmist í skipulegum kringumstæðum (t.d. í skólum) eða með óskipulegum og oft tilviljana-kenndum hætti í lífi fólks almennt. Menntun í þessum skilningi felur í sér ræktun þeirra mannkosta sem hver og einn býr yfir og er því ævistarf og sífellt viðfangsefni sem verður ekki aðskilið siðferðilegri stöðu fólks (þeirra sem menntast), félagslegum kringumstæðum og þátttöku, mannlegri reisn og þar með mannréttindum. Þessi skilningur fellur vel að þeirri breidd sem deildin leitast við að fanga, hvort sem er undir merkjum uppeldis- og menntunarfræði, foreldrafræðslu og uppeldisráðgjafar, þroskaþjálfrafræði, menntunar og félagslegs réttlætis eða sjálfbærni og kynjafræði.

Framtíðarsýn

Nám og rannsóknir í þessari deild gefa tilefni til margvíslegrar nýbreytni og framþróunar. Með því að gera alþjóðlegt nám í menntunarfræði að sér námsbraut verður námið sýnilegra og mun hafa það sjálfstæði innan stjórnskipunar deildarinnar sem það hefur í raun haft vegna samsetningar nemendahópsins og hvernig það er skipulagt. Þetta ætti að auðvelda þróun námsins og samskipti við aðrar deildir, svið og erlenda skóla.

Uppeldis- og menntunarfræði á sér 40 ára sögu við HÍ en eftir sameiningu KHÍ og HÍ hefur námið eflst. Með núverandi skipulagi, þ.e. sem sér námsbraut og námsleiðir í bæði grunn og framhaldsnámi, öðlast námið skýra stöðu í skipulagi deildarinnar.

Með flutningi þroskaþjálfanáms yfir í Deild menntunar og margbreytileika, þar sem það mun standa samhliða námi í fjölmenningsfræðum, lýðræði, skóla án aðgreiningar og kynjafræði, skapast tækifæri til að þróa nýjar áherslur í námi og rannsóknum sem hverfast um menntun og mannréttindi, samfélagslega þátttöku og mannlega reisn.

Uppbygging og skipulag

Í deildinni eru fjórar námsbrautir og innan þriggja þeirra eru námsleiðir bæði í grunn- og framhaldsnámi.

1. Alþjóðlegt nám í menntunarfræði
2. Uppeldis- og menntunarfræði
3. Menntun og félagslegt réttlæti
4. Þroskaþjálfing

Einföldust að gerð er námsbrautin alþjóðlegt nám í menntunarfræði en innan hennar er ein samnefnd námsleið í grunnnámi og ein í framhaldsnámi. Námsleiðirnar eru þegar til og nýtt deildaskipulag mun ekki breyta miklu fyrir þær.

Önnur námsbraut ber yfirskriftina uppeldis- og menntunarfræði. Í grunnnámi er ein samnefnd námsleið en á meistarastigi eru tvær námsleiðir til meistaraþrófs, uppeldis- og menntunarfræði og foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf.

Á námsleiðinni uppeldis- og menntunarfræði er gert ráð fyrir ólíkum kjörsviðum:

- Í fyrsta lagi borgaravitund og lífssýn ungmenna, en á því sviði hafa verið stundaðar ríkulegar rannsóknir auk þess sem það viðfangsefni tengist náið grunnþættinum lýðræði og mannréttindum eins og hann er skilgreindur í aðalnámskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla árið 2011.
- Í öðru lagi áhættuhegðun og forvarnir en það kjörsvið verður skipulagt í samstarfi við Deild heilsuefningar, íþróttar og tómstunda.
- Í þriðja lagi sálfræði í uppeldis- og menntavísindum en með því heiti er undirstrikað að innan námsleiðarinnar er nám sem byggir á sálfræðilegum grunni (einkum siðferðilegri sálfræði, þroskasálfræði og félagslegri sálfræði) auk þess sem námið hentar fólki sem hefur grunn í sálfræði án þess að vilja sérhæfa sig á meistarastigi innan þeirrar greinar. Auk þessara tveggja námsleiða til meistaraþrófa er gert ráð fyrir styttri námsleið (60 e) sem lýkur með diplómu-prófi.

Þriðja námsbrautin ber heitið menntun og félagslegt réttlæti en á þeirri braut verða námsleiðir þar sem viðfangsefni verða sett í félagsfræðilegt, heimspekilegt eða pólitískt samhengi. Á þessari námsbraut verða tvær námsleiðir til meistaraþrófs, menntun og samfélag, og nýsköpun og nám fullorðinna. Á námsleiðinni menntun og samfélag verða nokkur kjörsvið:

- Í fyrsta lagi menntun og lýðræði og mun það kjörsvið verða skipulagt í samvinnu við kjörsviðið borgaravitund og lífssýn ungmenna á námsbrautinni uppeldis- og menntunarfræði.
- Í öðru lagi sjálfbærni og menntun en það hefur beina skírskotun í grunnþáttinn sjálfbærni sem skilgreindur var í aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla árið 2011.

- Í þriðja lagi kynjafræði menntunar sem einnig hefur beina skírskotun til grunnþáttarins jafnrétti sem skilgreindur var í aðalnámskrám árið 2011 auk þess sem það tengist beint löggjöf um jafnrétti og jafnréttisfræðslu.
- Í fjórða lagi fjölmenningarfræði en innan þess fræðasviðs hefur verið unnið öflugt rannsóknarstarf á undanförunum árum.
- Í fimmta lagi sérkennslufræði í skóla margbreytileikans en innan þess verður í senn lögð áhersla á hugmyndafræði og kennslufræði skóla án aðgreiningar.

Námsleiðin menntun og samfélag mun eiga náið samstarf við Deild kennslu- og menntunarfræði og Deild faggreinakennslu, enda eru viðfangsefni þessarar námsleiðar nátengd nokkrum grunnþáttum menntunar.

Önnur námsleið innan námsbrautarinnar menntun og félagslegt réttlæti ber heitið nýsköpunarmennt og nám fullorðinna en hún mun taka við af námsleiðinni nám fullorðinna í núverandi skipulagi en jafnframt víkka út sjónarhornið með aukinni áherslu á nýsköpunarmennt.

Fjórða námsbrautin er þroskaþjálfufræði. Innan þeirrar námsbrautar verður samnefnt nám á grunn- og meistarastigi. Námsbrautin flyst úr Íþróttta-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild enda liggja fræðileg efnistökin þroskaþjálfufræði mun nær þeim greinum sem eru innan námsbrautarinnar menntun og félagslegt réttlæti heldur en þeim námsbrautum og -leiðum sem verða innan nýrrar Deildar heilsuefningar, íþróttta og tómsunda. Hér mætti nefna sérstaklega áherslu á mannréttindi og samfélagslega þátttöku, sem eru áberandi viðfangsefni í sérkennslufræði í skóla margbreytileikans, fjölmenningarfræði, kynjafræði og menntun og lýðræði. Að auki verður hægt að ljúka viðbótardiplómu (30 e) í þroskaþjálfufræði á meistarastigi.

Með þessu skipulagi mun námsleiðum fækka frá því sem nú er og skipulag þeirra breytast nokkuð. Gert ráð fyrir að hver námsleið í grunnnámi eigi sér eðlilegt framhald í meistaranámi á sömu námsbraut um leið og gengið er út frá því að nemendur, sem koma í meistaranám í deildinni, muni að verulegu leyti vera nýir í deildinni eða nýir á námsbraut.

Listi yfir gráður sem hægt er að útskrifast með

Samkvæmt ofangreindu skipulagi geta nemendur útskrifast úr deildinni með eftirfarandi gráður:

Grunnnám

BA í alþjóðlegu námi í menntunarfræði

BA í uppeldis- og menntunarfræði

BA í þroskaþjálfufræði

Framhaldsnám

MA í alþjóðlegu námi í menntunarfræði
MA í uppeldis- og menntunarfræði
MA í foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf
MA í menntun og samfélag

MA í nýsköpunarmennt og námi fullorðinna
MA í þroskaþjálfing

Viðbótardiplómur

Uppeldis- og menntunarfræði (60 e)
Menntun og félagslegu réttlæti (60 e)
Þroskaþjálfing (30 e)

Tafla 1. Skipulag grunnnáms í Deild menntunar og margbreytileika

Námsbrautir	Námsleiðir	Kjörsvið	Helstu áherslur
Alþjóðlegt nám í menntunarfræði	Alþjóðlegt nám í menntunarfræði BA (180 e)		Fjölmening Fjölmeningarlegir kennsluhættir Hnattvæðing Samanburðarmenntunarfræði Félagsfræði menntunar Fagmennska Þroski
Uppeldis- og menntunarfræði	Uppeldis- og menntunarfræði BA (180/120/60 e)		Samskipti í uppeldis- og fræðslustarfi Áhættuhegðun og velferð Félagsfræði menntunar Hugmyndasaga menntunar Heimsspeki menntunar Aðferðafræði Menntun og kyngervi
Þroskaþjálfing	Þroskaþjálfing BA (180 e)		Þroskaþjálfing Fötunarfræði Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir Starfshættir þroskaþjálfinga Siðfræði og fagmennska Mannréttindi

Tafla 2. Skipulag framhaldsnáms í Deild menntunar og margbreytileika

Námsbrautir	Námsleiðir	Kjörsvið	Helstu áherslur
Alþjóðlegt nám í menntunarfræði	Alþjóðlegt nám í menntunarfræði (120 e)		Sjálfbærni Samanburðarmenntunarfræði Fjölmenningarleg menntun Fagmennska Gagnrýnin menntunarfræði
Uppeldis- og menntunarfræði	Uppeldis- og menntunarfræði (120 e)	Borgaravitund og lífssýn ungmenna Áhættuhegðun og forvarnir Sálfræði í uppeldis- og menntavísindum	Persónu- og félagsþroski Áhættuhegðun og seigla Forvarnir Borgaravitund Uppeldissýn Barnavernd
	Foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf (120 e)		Samskipti foreldra og barna Velferð og forvarnir Þroski Uppeldissýn Barnavernd Matsfræði
	Viðbótardiplóma í uppeldis- og menntunarfræði (60 e)		
Menntun og félagslegt réttlæti	Menntun og samfélag (120 e)	Menntun og lýðræði Sjálfbærni og menntun Kynjafræði menntunar Fjölmenningarfræði Sérkennslufræði í skóla margbreytileikans	Félagsleg mismunun Fjölmennung Mannréttindi Kynjafræði Barnavernd Jafnrétti til menntunar Sjálfbærni og menntun Valdefling minnihlutahópa Gagnrýnin menntunarfræði Kennslufræði skóla án aðgreiningar
	Nýsköpunarmennt og nám fullorðinna (120 e)	Nýsköpunarmennt Nám fullorðinna	Skipulagning og framkvæmd fræðslu utan skóla Símenntun Fullorðnir sem námsmenn Kennslufræði fullorðinsfræðslu Nýsköpun og frumkvöðlastarf í menntun
	Viðbótardiplóma í menntun og félagslegu réttlæti (60 e)		
Þroskaþjálfing	Þroskaþjálfing (120 e)	Þroskaþjálfun og skólastarf Þroskaþjálfun í margbreytilegu samfélagi	Samfélag án aðgreiningar Sjálfræði Valdefling Mannréttindi Barnavernd Sjálfstætt líf
	Viðbótardiplóma í þroskaþjálfing (30 e)		

Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda (HÍT)

(Faculty of Health Promotion, Sports and Leisure Studies)

Starfshópur

Í starfshópnum sátu fjórir fulltrúar frá Íþróttar-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild og kennslustjóri sviðsins. Þetta voru þær Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor og forseti Íþróttar-, tómstunda- og þroskaþjálfadeildar (sem fór fyrir hópnum), Kolbrún Pálsdóttir, lektor og formaður námsbrautar í tómstunda- og félagsmálafræði, Steingerður Ólafsdóttir, lektor á námsbraut í íþróttar- og heilsufræði, Védís Grönvold, verkefnastjóri námsbrautar í íþróttar- og heilsufræði, Ásdís Hrefna Haraldsdóttir, kennslustjóri MVS, og fulltrúi nemenda.

Viðfangsefni deildar

Í þessari deild tengjast annars vegar íþróttar- og heilsufræði og hins vegar tómstunda- og félagsmálafræði auk þess sem ný námsbraut heilsueflingar verður sett á laggirnar. Gert er ráð fyrir verulegu samstarfi milli brauta innan deildarinnar, en einnig þvert á deildir. Í grunnnámi eru mismunandi námsleiðir sem taka mið af heitum námsbrauta (heilsuefling; íþróttar- og heilsufræði; tómstunda- og félagsmálafræði), en í boði verða fleiri námsleiðir eða kjörsvið í meistaranámi til að fjölga tækifærum til sérhæfingar og þverfaglegs samstarfs. Þannig yrði teymisvinna í rannsóknum styrkt og leiðbeinendur meistaranema á sömu námsleið gætu komið frá mismunandi fagsviðum deildar.

Nám í íþróttar- og heilsufræði og íþróttakennaranám hefur þegar skipað sér sess sem sterkt faglegt nám þar sem rannsóknarhefðin er einnig sterk. Endurskoðun á náminu stendur yfir vegna margföldunar nemendafjölda og breyttrar aðstöðu í kjölfar flutnings námsins frá Laugarvatni til Reykjavíkur. Í breytingunum felast margvísleg tækifæri ef vel er að verki staðið. Tómstunda- og félagsmálafræði hefur sérstaklega notið vinsælda í grunnnámi en með skipan nýrra deilda skapast ný og fjölbreyttari sóknarfæri.

Heilsuefling er viðfangsefni sem deildin hefur ótvíræða styrkleika til að byggja upp; bæði í kennslu og rannsóknum. Námsbrautin er annars vegar heimahöfn heimilisfræði (áður kjörsviðið matur, menning, heilsa í Kennaradeild) en jafnframt verður það fag ásamt nýjum námsleiðum mótað í takt við þá heilsueflingu sem nú er verið að styrkja á öllum skólastigum í takt við heilsueflandi verkefni Embættis landlæknis. Jafnframt er heilbrigði og velferð einn af grunnþáttum í aðalnámskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla, þar sem segir að allt skólastarf þurfi að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan. Gert er ráð fyrir að það grunnstef verði sameiginlegt í deildinni allri þar sem heilbrigði og velferð er sett í samhengi við uppeldi og menntun í skólakerfinu og á vettvangi íþróttastarfs, frístunda og óformlegs náms. Allt lífshlaupið er undir og dæmi um viðfangsefni eru líkamsvirðing, heilsulæsi, hreyfing, fæðuval, fjölmiðlar og heilsuefling. Samlegðaráhrif og þétt samvinna milli brautanna þriggja yrði kjarni og styrkleiki nýrrar deildar, án þess þó að skerða sjálfstæði brautanna.

Framtíðarsýn

Innan HÍT-deildar eru tækifæri til að styrkja frekar rannsóknir með samstarfi milli brauta. Með flutningi náms í íþrótt- og heilsufræði til Reykjavíkur og fjölgun nemenda opnast ýmsir spennandi möguleikar á samstarfi og samnýtingu, bæði innan deildar og utan, í tengslum við kennslu og rannsóknir. Samstarf HÍ við ÍSÍ hefur aukist við flutninginn og mun það væntanlega verða eftir enn frekar á komandi misserum. Það samstarf mun auka og styrkja samstarf við íþróttahreyfinguna í landinu þar sem fram fer mikilvægt uppeldis- og heilsueflingarstarf sem hefur sterk tengsl við tólstundafræði. Einnig byggja allar framfarir á sviði íþróttar og líkamlegrar hæfni á aukinni þekkingu og í því samhengi eru tækifæri til rannsókna í HÍT, bæði tengt almennri íþróttaiðkun sem og keppnis- og afreksíþróttastarfi.

Heilsuefling mun fyrst um sinn byggja á endurskoðuðu námi fyrir heimilisfræðikennara (byggt á matur, menning, heilsa). Sóknarfæri eru til menntunar nýrra stétta, t.d. heilsuuppeldisfræðinga eða sérfræðinga í heilsueflingu. Þá mætti byggja upp námsleið í hagnýtri heilsueflingu á vinnustöðum, annaðhvort á grunn- eða meistarastigi. Í því samhengi eru m.a. lögð drög að nýrri meistaránámsleið innan námsbrautar heilsueflingar, heilsa og fæðuval, með áherslu á matarumhverfi, fæðuval og samfélagslegt sjónarhorn á mat.

Áfram verður boðið upp á BA og M.Ed.-nám í tólstunda- og félagsmálafræði, en ný tækifæri skapast með kjörsviðum sem sett eru fram hér. Þá mætti einnig skoða að þróa kennaranám á sviði tólstunda- og félagsmálafræði. Ljóst er að eftirspurn eftir slíku fagfólki er mikil í samfélaginu með aukinni áherslu á heildstæðan skólalag barna þar sem formlegt og óformlegt nám fléttast saman.

Nýju kjörsviði, einelti, forvarnir og inngrip, er ætlað að svara þörf fyrir hagnýtt framhaldsnám á meistarastigi með áherslu á að þjálfar fagfólk sem starfar með börnum og ungmönnum við að byggja upp heilbrigð og uppbyggileg samskipti í námi og leik.

Loks má nefna tvær námsleiðir eða kjörsvið:

- Í fyrsta lagi áhættuhegðun og forvarnir
- Í öðru lagi lífsleikni og farsæld

Þær byggja á því að tiltekna námsleiðir/kjörsvið flytjist frá Uppeldis- og menntunarfræðideild yfir í HÍT og eru því settar hér fram án nákvæmrar útfærslu. Bent skal á að viðfangsefnin geta vel átt heima í báðum deildum og því má ætla að þau mótist í takt við þá stefnu sem tekin verður bæði í tengslum við kennslu og rannsóknir. Sama má segja um staðsetningu á braut innan deildar þar sem viðfangsefnin eiga líka samleið með því framhaldsnámi sem stendur til að byggja upp í námsbraut heilsueflingar.

Uppbygging og skipulag

Í deildinni eru þrjár námsbrautir með námsleiðum í grunn- og meistaranámi.

1. Heilsuefling
2. Íþrótt- og heilsufræði
3. Tómstunda- og félagsmálafræði

Í grunnnámi verður fyrst um sinn ein námsleið innan hvernar brautar, en í framtíðarsýn er gert ráð fyrir að kjörsviðum fjölgi í bæði grunn- og meistaranámi. Í núverandi mynd eru tvö kjörsvið í íþrótt- og heilsufræði þar sem námið skiptist í kennara- og þjálfaralínu, en sameiginlegur kjarni er fyrir bæði kjörsviðin. Utan hefðbundinna námsleiða í grunn- og meistaranámi tekur deildin við umsjón með starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun og verður það staðsett innan námsbrautar í tómstundafræði (hér sett í töfluna með grunnnámi).

Námsbrautir í meistaranámi eru þær sömu og í grunnnámi en námsleiðir og kjörsvið eru fleiri. Innan Heilsueflingar verður fyrst um sinn eingöngu boðið upp á M.Ed.-gráðu í heilsueflingu. Auk grunn- og meistaranáms verður einnig í boði viðbótardiplóma í heilsueflingu. Grundvallast hún af tveimur viðbótardiplómum sem áður voru í boði, heilbrigði og heilsuuppeldi (30 e) og heilbrigði og velferð (60 e). Taka þarf ákvörðun um umfang endanlegrar diplómu í nýju skipulagi.

Íþrótt- og heilsufræði er með óbreytt skipulag þar sem boðið er upp á val milli M.Ed.- og MS-gráðu. Innan tómstunda- og félagsmálafræði er fyrst um sinn ein meistaranámsleið M.Ed., en í framtíðarsýn bætast við annaðhvort fleiri kjörsvið eða að námsleiðum fjölgi.

Listi yfir gráður sem hægt er að útskrifast með

Deildin menntar tvær fagstéttir kennara; á sviði heimilisfræði (matur, menning, heilsa) auk íþrótt- og heilsufræði. Gert er ráð fyrir miklu samstarfi við aðrar deildir um kennaranám.

Samkvæmt ofangreindu skipulagi geta nemendur útskrifast úr deildinni með eftirfarandi gráður (skáletraðar gráður eru hluti af framtíðarsýn en ekki skipulagðar í nútíð):

Grunnnám

B.Ed. í heilsueflingu (heimilisfræði)

BS í íþrótt- og heilsufræði

BA í tómstunda- og félagsmálafræði

B.Ed. í tómstundum og lífsleikni

Starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun (grunndiplóma)

Framhaldsnám

M.Ed. í heilsueflingu (heimilisfræði)

M.Ed./MS í íþrótt- og heilsufræði

M.Ed. í tómsunda- og félagsmálafræði

MA/MS í heilsueflingu

MA í velferðar- og forvarnafræði

MA í lífsleikni og farsæld

Viðbótardiplómur

Heilsuefling (30/60 e)

Tafla 1. Skipulag grunnnáms í Deild heilsueflingar, íþrótt og tómsunda

Námsbrautir	Námsleiðir	Kjörsvið	Helstu áherslur
Heilsuefling	Heilsuefling B.Ed. (180 e)	Matur menning heilsa (heimilisfræðikjörsvið tengt kennaranámi)	Kennslufræði Grunnfærni í matreiðslu og næringarfræði Tengsl matar, heilsu og menningar
		<i>Hagnýt heilsuefling (óljóst hvort ætti að bjóða sem grunnám eða sem diplómu á meistarastigi)</i>	<i>Hagnýt heilsuefling á vinnustöðum, skólum, stofnunum, íþrótt- og tómsundastarfi</i>
Íþrótt- og heilsufræði	Íþrótt- og heilsufræði BS (180 e)	Íþrótt- og heilsufræði; kennari	Bygging og starfsemi mannlíkamans Þroski Þjálfun Kennsla og aðferðafræði íþrótt og þjálfunar Íþróttgreinar Heilsuuppeldi Grunnur í næringarfræði
		Íþrótt- og heilsufræði; þjálfari	
Tómsunda- og félagsmálafræði	Tómsunda- og félagsmálafræði BA (60/120/180 e)	Tómsundafræði, BA	Kenningar um gildi tómsunda og óformlegs náms Reynslunám og útinám Vinna með hópa Þroski og velferð einstaklinga Félagsmál og viðburðastjórnun
		<i>Tómsundir og lífsleikni, B.Ed. (kjörsvið tengt kennaranámi)</i>	<i>Tengsl formlegs og óformlegs náms Félagsfærni Sjálfsmynd og líðan Lífsleikni Gagnrýnin hugsun Samvinna</i>
	Starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun		Starfsfræðsla og atvinnuþátttaka Jafnrétti og samfélag Félagsfærni og valdefling

Tafla 2. Skipulag framhaldsnáms í Deild heilsuefningar, íþróttar og tómstunda

Námsbrautir	Námsleiðir	Kjörsvið	Helstu áherslur
Heilsuefning	Heilsuefning M.Ed. (120 e)	Matur menning heilsa (heimilisfræði kjörsvið tengt kennaranámi)	Heilsuefning Grunnfærni í matreiðslu og næringarfræði Tengsl matar og menningar Heilbrigði og velferð
	Heilsuefning MA/MS (120 e)		Matarumhverfi barna og ungmenna Fæðuval Matur og fjölmíðlar Félagslegt sjónarhorn á mat Heilsuvitund Heilbrigði og velferð
	Viðbótardiplóma í heilsuefningu (30/60 e)		Heilsa/heilbrigði Lífshættir Heilsuefning Heilsulæsi Heilbrigði og velferð
Íþróttar- og heilsufræði	Íþróttar- og heilsufræði MS (120 e)		Þjálfunarlífeðlisfræði Þroskapættir mannsins Íþróttar- og heilsufræði Siðareglur Rannsóknaraðferðir Þjálfun og heilsa Heilsuuppeldi
	Íþróttar- og heilsufræði M.Ed. (120 e)		Þroskapættir mannsins Kennsla í grunn- og framhaldsskóla Íþróttar- og heilsufræði Siðareglur Rannsóknaraðferðir Þjálfun og heilsa Heilsuuppeldi
Tómstunda- og félagsmálafræði	Tómstunda- og félagsmálafræði M.Ed. (120 e)	Rannsóknir og þróunarstarf	Kenningar í tómstunda- og félagsmálafræði Bærskulfræði Samfélagslegt gildi tómstunda Einstaklingar og viðkvæmir hópar Rannsóknaraðferðir
		Einelti, forvarnir og inngrip	Kenningar um heilbrigð samskipti og líðan Forvarnir og meðferð eineltismála Vináttuþjálfun Þverfaglegt samstarf Siðareglur Mat á skóla- og frístundastarfi
	Áhættuhegðun, forvarnir og lífsýn MA (120 e) (MA í forvarnafræði eða velferðar- og forvarnafræði)	Gæti verið sett fram sem kjörsvið undir námsleið í tómstunda- og félagsmálafræði; áhættuhegðun og forvarnir	Heilsa/heilbrigði Heilsulæsi Heilsuvitund Seigla Lífshættir/lífsstíll/heilsuhegðun Áhættuhegðun Heilbrigði og velferð
	MA/M.Ed. í lífsleikni (120 e)	Gæti verið sett fram sem kjörsvið undir námsleið í tómstunda- og félagsmálafræði; lífsleikni og farsæld	Lífsleikni Óformlegt nám Efling persónulegrar færni Farsæld